

52. fundur

Fræðslunefnd Stykkishólms hélt fund miðvikudaginn 12. nóvember 2003 kl. 17:00 í Ráðhúsinu. Mættir voru undirritaðir nefndarmenn, skólastjórar og fulltrúar foreldra og starfsfólks.

Formaður setti fund og bauð Höllu Dís, nýjan fulltrúa foreldrafélags leikskólans velkomna.

1. Skýrslur skólastjóra.

- a) Gunnar flutti skýrslu um starfið í grunnskólanum
Skólastjóri fór yfir skipulag vinnu í þemaviku grunnskólans sem var framlag þeirra til íbúðþingsins 1. nóvember sl. Gerði hann einnig grein fyrir því að áfram verður unnið með verkefni nemenda og starfsfólks sem hófust í þessari þemaviku, í starfi vetrarins. Þá lýsti hann vonbrigðum sínum með dræma mætingu foreldra á kynningarfund nemenda þar sem þau kynntu vinnu sína.
Haustannarprófum var að ljúka í dag. Umsjónarkennarar skipuleggja námsmat hvers árgangs innan skipulagðra daga til prófa og námsmats. Foreldraviðtöl verða 24. nóvember nk. í kjölfar afhendingu einkunna.
Miðönn hefst formlega frá og með 17. nóvember en þá fara fram annaskipti í hinum ýmsu greinum.
Skipulögð brunaæfing verður í næstu viku, en þess háttar æfing er orðin árlegur viðburður í grunnskólanum.
Þá styttist í jólin og undirbúning jólafundurs. Í farveginum er að vera með ákveðið samstarf á milli skólanna í jólaundirbúningi.
Danskennsla er í fullum gangi.
- b) Sigrún flutti skýrslu um starfið í leikskólanum.
Undirbúningur aðventu er einnig hafinn í leikskólanum.
Foreldrafundur var haldinn í október en einungis mættu foreldrar 23 barna af 70 á fundinn, en á honum kynntu deildarstjórar meðal annars starf deildanna. Sigrún lýsti vonbrigðum sínum með dræma mætingu foreldra.
Tónfundur verður nk. föstudag í leikskólanum.
Svipaður fjöldi barna er í skólanum, en ákveðin tilfærsla hefur verið á börnum á milli deilda vegna inntöku ungra barna nú í haust.
Jólafundur verður í leikskólanum í samstarfi við foreldrafélag leikskólans, einnig verður kirkjuferð leikskólabarna í samráði við grunnskóla og litlu jólin verða með sama fyrirkomulagi og áður.
Nemi er að störfum í leikskólanum og verður hún til 18. desember undir handleiðslu Elísabetar.
Starfsemin er annars í föstum skorðum.

Að lokinni skýrslu sinni svaraði leikskólastjóri framkomnum fyrirspurnum.

Formaður spurðist fyrir um hvernig brunaæfingum væri háttað í leikskólanum. Sigrún svaraði því til að lögð hefur verið áhersla á að starfsfólk sé vel undirbúið og vel æft og það er í góðum farvegi og ákveðin áætlun til staðar. Einnig er lögð áhersla á góðar forvarnir en ekki hefur verið farið út í það að hafa formlega æfingu með leikskólabörnin þar sem það er frekar vandmeðfarið.

Gunnar gerði einnig nánari grein fyrir því hvernig brunaæfingum hefur verið háttað í grunnskólanum.

2. Fjölbrautaskóli Snæfellinga.

Formaður lagði fram drög að bréfi formanna fræðslunefnda til skólastjóra grunnskóla á Snæfellsnesi þar sem tilmælum er beint til þeirra að þeir taki upp markvissa og sameiginlega stefnu til þess að auðvelda nemendum að takast á við dreifnám við Fjölbrautaskóla Snæfellinga.

Gunnar lýsti ánægju sinni með bréfið og tekur undir það sem fram kemur í því.

Fundarmenn tóku undir það að þetta sé þarft verkefni og byrja þurfi sem fyrst. Einnig rætt um að kynna þurfi málin líka fyrir foreldrum væntanlegra nemenda og skapa jákvæða umræðu um skólann.

Gunnar greindi frá því að Hrönn Pétursdóttir, verkefnisstjóri sé væntanleg á miðvikudag í næstu viku til að hitta nemendur 10. bekkjar m.a. til að byrja hugmyndavinnu í kringum mótun félagslífs og fleira við skólann.

Formaður benti á grein um fjölbrautaskólann sem nálgast má á síðu fjölbrautaskólans sem tengjast má frá heimasíðu Stykkishólmsbæjar.

Ákveðið að fundarmenn fari nánar yfir bréfið og sendi ábendingar ef einhverjar eru í tölvupósti til formanns, sem fyrst.

3. Önnur mál.

a) Formaður gerði grein fyrir bréfi varðandi Dag íslenskrar tungu sem verður 16. nóvember nk. Ákveðin vinna fer alltaf fram í grunnskólanum í tengslum við þennan dag og leikskólinn hefur farið í bókasafnsheimsókn eða gert eitthvað þess háttar.

b) Formaður lagði fram bréf frá bæjarráði, dags. 12.11.2003, sem vísað var til umsagnar fræðslunefndar, varðandi erindi um opnun líkamsræktaraðstöðu í íþróttamiðstöðinni. Skólastjóri gerði grein fyrir því að í augnablikinu hefur skólinn húsnaðið sem um ræðir til umræða og fyrirbyggjandi að þörfin fyrir þetta rými verði áfram til staðar, en þetta mál þurfi að skoðast.

Erindinu er hins vegar fagnað því þörfin er greinilega til staðar fyrir líkamsræktarstöð í bænum.

- c) Formaður lagði fram bréf frá faghópi leikskólastjóra þar sem fram koma ábendingar til sveitarstjórna og fræðslunefnda varðandi sérkennslu í leikskólum.
Sigrún gerði nánari grein fyrir tilkomu þessa bréfs. Nánar var rætt um sérkennslu og fyrirkomulag hennar og umræða varð um innihald bréfsins.
- d) Formaður lagði fram bréf Foreldrafélags G.S.S. þar sem fram kemur óánægja foreldra með fyrirkomulag danskennslu í grunnskóla en nemendur fara úr kennslustundum til að stunda dansnám. Í bréfinu kemur einnig fram að skv. aðalnámsskrá grunnskóla eigi öll þjónusta sem fram fer á skólatíma að vera gjaldfrjáls.
Skólastjóri gerði grein fyrir gangi málsins en á sínum tíma var farið í þetta samstarf fyrir tilstuðlan foreldra og að þegar hafi verið ákveðið að endurskoða fyrirkomulag danskennslu.
Formaður foreldrafélags gerði nánari grein fyrir tilkomu bréfsins.
Skólastjóri leikskóla gerði einnig grein fyrir sjónarmiðum leikskóla í málinu en þeirra skoðun er m.a. að dansskólinn sem slíkur vandi sig ekki nóg í sinni þjónustu.
Miklar umræður urðu um málið. Áhersla var m.a. lögð á það að viðhafa þurfi vandaðri vinnubrögð af hálfu dansskólans.
- e) Ingveldur Eypórsdóttir ræddi um skipulag heilsdagsskóla hér í samanburði við skipulag heilsdagsskóla annars staðar og að skólinn hér komi mjög jákvætt út í samanburði við skipulag samskonar þjónustu annars staðar.
Skólastjóri þakkaði góð orð.
- f) Fyrirspurn kom fram um hvort tekist hafi að upplýsa innbrot í húsnæði grunnskólans við Skólastíg.
Skólastjóri gerði grein fyrir því að það hafi tekist og að rannsókn málsins sé lokið. Tjón nam á þriðju milljón.

Fundargerð upplesin og samþykkt.
Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18:50.

Björn Sverrisson (sign.),
Gunnar Svanlaugsson (sign.),
Katrín Pálsdóttir (sign.),
Ingibjörg Benediktsdóttir (sign.),
Sigrún Þórsteinsdóttir (sign.).

Egill V. Benediktsson (sign.),
Unnur Breiðfjörð (sign.),
Ingveldur Eypórsdóttir (sign.),
Linda S. Sigurðardóttir (sign.).

Íhs.